

Sunnudagaskóli Grenjaðarstað



Sunnudagaskóli verður á Grenjaðarstað næstkomandi
sunnudag 29. mars klukkan 11:00.

Þessi sunnudagaskóli verður í umsjá Toru Katinku
Bergeng í Hraunkoti.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur

Kæru lesendur og auglýsendur

Skilatími auglýsinga í Hlaupastelpunar
er á þriðjudögum

kl. 15:00. 😊



ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálsíðu er. kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.– m.vsk



Fótsnyrting

Kvenfélag Fnjóskdæla stendur fyrir fótsnyrtingu
fyrir íbúa á starfssvæði sínu í Skógum
mánudaginn 30. mars

Allir velkomnir en fótsnyrting fyrir 67 ára
og eldri er í boði kvenfélagsins

Pantið tíma hjá
Grétu í Dæli í síma 462-6840 fyrir kl. 18:00 laugardaginn 28. mars.

Stjórnin

Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla.



Bókasafnið fer í páskafrí föstudaginn 27. mars, en verður
opnað aftur þriðjudaginn 7. apríl.

Gleðilega páska.

Kveðja bókavörður.



Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Pingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2015. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Pingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **9.apríl n.k.**

Styrkir til íþróttá og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Pingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá og æskulýðsstarfs á árinu 2015. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Pingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **9.apríl n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2014 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Pingeyjarsveitar



Föstuganga í Laufásprestakalli

Hin árvissa föstuganga verður í Laufásprestakalli á föstudaginn langa 3. apríl næstkomandi. Gengið verður frá eftirfarandi stöðum í Laufás:

- Frá Svalbarðskirkju kl. 11.00
- Frá Végeirsstöðum í Fnjóskadal kl. 11.00
- Frá Grenivíkirkirkju kl. 12.30

Björgunarsveitir úr prestakallinu verða á vaktinni. Hægt verður að kaupa súpu í Gestastofu/Þjónustuhúsi í Laufási við komu. Boðið verður upp á tónleika í Laufáskirkju kl. 14.30. Hjónin Hjalti og Lára syngja og leika. Verið öll hjartanlega velkomin!

Páskaguðspjónustur-Páskadagur

Páskaguðspjónusta í Þorgeirskirkju kl. 14.00

Páskaguðspjónusta í Lundarbrekkukirkju kl. 16.00

Fermd verður Elín Heiða Hlinadóttir Svartárkoti.

Páskaguðspjónusta í Hálskirkju kl. 20.00

Guð gefi ykkur bjarta og gleðilega páskahátíð!



Aðalfundur U.M.F. Bjarma 2015

verður haldinn í
Gamla Barnaskólanum í Skógum
miðvikudagskvöldið 1. apríl kl. 20:00.
Venjuleg aðalfundarstörf og veitingar að hætti stjórnar.
Allir velkomnir!

Stjórnin, Birna, Helen og Jón

Vörumóttaka

verður í Goðafossmarkaði ehf
Laugardaginn 4. apríl kl. 12:00.

Ætlum að grynna aðeins á vetrarvinnunni.
Vantar bæði opnar og lokaðar peysur í
stærðunum small og medium.

Sjáumst hress

Gæðanefndin

DALAKOFINN

Opnunartími um páska

Miðvikudagur	1. apríl kl. 10 -20
Skírdagur	2. apríl kl. 10 – 20
Föstudagurinn langi	3. apríl LOKAÐ
Laugardagur	4. apríl kl. 10 -20
Páskadagur	5. apríl LOKAÐ
Annar í páskum	6. apríl kl. 12 – 17

1.apríl kl. 21 mun Bjarki Hall trúbador syngja og spila.

Verið velkomin,
Dalakofinn / Útibú ehf.
s. 464 3344 dalakofinn.is
s. 464-3344 dalakofinn.is



Húsgagnagerð úr skógarefni

Hvernig á að afberkja, ydda, setja saman
og fullvinna húsgögn úr grisjunarefni?

Ólafur Oddsson Skógrækt ríkisins og Ólafur G. E. Sæmundsen skógtæknir
Hefst 27. mars á Vöglum í Fnjóskadal



SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

www.lbhl.is/namskeld - endurmenntun@lbhl.is - síma 433 5000

AÐALFUNDUR 2015

Aðalfundur Kvenfélags Fnjóskdæla
verður haldin í Skógum
fimmtudagskvöldið 9. apríl Kl: 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Lagabreyting.
Nýjar konur ávalt velkomnar í hópinn
eigum saman gott kvöld yfir kaffibolla og spjalli.

Stjórnin

Aðalfundur Velferðasjóðs þingeyinga

verður haldinn í Bjarnahúsi á Húsavík 13.apríl
næstkomandi klukkan 17:00

Dagskrá fundar:
Skýrsla stjórnar
Venjuleg aðalfundarstörf
Kosningar
Önnur mál

Stjórnin

12.tbl.
26. mars
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Þingeyingar, ferðafólk.

Munið hina árlegu páskatónleika.

Á skírdag 2.apríl kl 20:00 í Skjólbrekku.

Flutt verður tónlist eftir Brahms, Piazzolla
ásamt íslenskum sönglögum, ítölskum antik aríum,
óperuaríum og dúettum.

Á föstudaginn langa 3. apríl kl. 21:00 í

Reykjahlíðarkirkju.

Tónlist eftir m.a. Mozart, Bach, Händel, Pál Ísólfsson og
Sigvalda Kaldalóns.

Flytjendur:

Sigrún Hjálmtýsdóttir	sópran
Laufey Sigurðardóttir	fíðla
Ellen Bridger	selló
Domenico Codispoti	píanó

Gestasöngvari er Ásgeir Böðvarsson.

Miðasala er við innganginn
Miðaverð á aðra tónleikana kr. 2.500,
tvennir tónleikar kr. 4.000.

Músík í Mývatnssveit.